

**ENDURRIT
ÚR
DÓMABÓK FÉLAGSDÓMS**

Málið nr. 3/2018:

Alþýðusamband Íslands

f.h. Starfsgreinasambands Íslands

vegna stéttarfélagsins Einingar-Iðju

(Ómar Karl Jóhannesson lögmaður)

gegn

Akureyrarkaupstað

(Anton Björn Markússon lögmaður)

Dómur 4. júlí 2018

Ár 2018, miðvikudaginn 3. júlí, er í Félagsdómi í málinu nr. 3/2018

Alþýðusamband Íslands
f.h. Starfsgreinasambands Íslands
vegna stéttarfélagsins Einingar-Iðju
(Ómar Karl Jóhannesson lögmaður)
gegn
Akureyrarkaupstað
(Anton Björn Markússon lögmaður)

kveðinn upp svofelldur

d ó m u r:

Mál þetta var dómtekið 19. júní sl.

Málið dæma Arnfríður Einarsdóttir, Ásmundur Helgason, Guðni Á. Haraldsson, Gísli Gíslason og Lára V. Júlíusdóttir.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, Sætúni 1 í Reykjavík, fyrir hönd Starfsgreinasambands Íslands, Sætúni 1 í Reykjavík, vegna stéttarfélagsins Einingar-Iðju, Skipagötu 14 á Akureyri.

Stefndi er Akureyrarkaupstaður, Geislagötu 9 á Akureyri.

Dómkröfur stefnanda

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði að skýra beri grein 14.2.9.1 í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga, með gildistíma frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019, þannig að Auður Íris Eiríksdóttir, kt. 050468-5779, eigi rétt til óskertra launa frá stefnda fyrir 8. febrúar og 9. febrúar 2017. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda auk málskostnaðar.

Málavextir

Auður Íris Eiríksdóttir er félagsmaður í stéttarfélaginu Einingu-Iðju og starfar á vöktum á sambýli sem er rekið af stefnda. Hún er jafnframt trúnaðarmaður stéttarfélagsins á vinnustaðnum. Hún sótti trúnaðarmannanámskeið sem haldið var á Akureyri dagana 8. til 10. febrúar 2017. Námskeiðið bar yfirskriftina Trúnaðarmannanámskeið II 5. þrep og var samtals 24 klukkustundir, frá kl. 9.00 til 12.00 fyrir hádegi og frá kl. 13.00 til 16.00 eftir hádegi alla

þrjá dagana. Samkvæmt vaktskrá átti Auður Íris að vera á vakt þessa daga. Fyrsta daginn átti vaktin að hefjast kl. 16.00, næsta dag kl. 14.00, en síðasta daginn kl. 8.00.

Auður Íris tilkynnti yfirmanni sínum um að hún yrði á trúnaðarmannanámskeiði þessa daga. Í stefnu er því haldið fram að henni hafi verið boðið að vinna á kvöldvöktunum 8. og 9. febrúar 2017, en að hún hafi afþakkað það. Í greinargerð stefnda segir að Auður Íris hafi óskað eftir því að vera í fríi þessar kvöldvaktir og hafi orðið að samkomulagi að hún fengi launalaust leyfi. Í skjali um vinnustundir starfsmanna, sem lagt hefur verið fram, er hún skráð í launalaus leyfi báða þessa daga og voru laun fyrir þá dregin af mánaðarlaunum hennar.

Með bréfi lögmanns stéttarfélagsins 10. mars 2017 var krafist leiðréttingar á launum Auðar Írisar, enda hafi hún átt rétt til launa dagana 8. og 9. febrúar sama ár. Því til stuðnings var vísað til greina 14.2.2.1 og 14.2.9.1 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands með gildistíma frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019. Greinarnar eru svohljóðandi:

14.2.2.1 Trúnaðarmönnum á vinnustöðum skal í samráði við yfirmenn heimilt að verja eftir því sem þörf krefur tíma til starfa, sem þeim kunna að vera falin af starfsmönnum á viðkomandi vinnustað og/eða viðkomandi verkalýðsfélagi vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna og skulu laun þeirra ekki skerðast af þeim sökum.

...

14.2.9.1 Trúnaðarmönnum á vinnustað skal gefinn kostur á að sækja námskeið sem miða að því að gera þá hæfari í starfi. / Hver trúnaðarmaður hefur rétt á að sækja námskeið. Þeir sem námskeiðin sækja skulu halda reglubundnum launum í allt að fimm vinnudaga á ári enda séu námskeiðin viðurkennd af samningsaðilum. Í fyrirtækjum þar sem starfa fleiri en 15 starfsmenn skulu trúnaðarmenn halda reglubundnum launum í allt að tvær vikur á fyrsta ári. Þetta gildir um einn trúnaðarmann á ári í hverju fyrirtæki séu starfsmenn 5-50 en tvo trúnaðarmenn séu starfsmenn fleiri en 50.

Stefndi hafnaði framangreindu erindi með bréfi 17. október 2017. Í bréfinu segir að þó að grein 14.2.9.1 heimili trúnaðarmönnum að sækja námskeið í vinnutíma án frádráttar á reglubundnum launum í allt að fimm vinnudaga á ári feli það ekki í sér að með setu á slíku námskeiði utan vinnutíma hafi starfsmenn uppfyllt vinnuskyldu sína gagnvart vinnuveitanda. Í bréfi stefnda var vísað til bókunar á samstarfsnefndarfundum Starfsgreinasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga 28. ágúst 2013 um túlkun greinarinnar. Þar hafi fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga hafnað alfarið þeirri afstöðu að þátttaka á námskeiði trúnaðarmanna fæli í sér ígildi vinnuskyldu. Tók stefndi undir þann skilning og hafnaði því kröfunni.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveður málið höfðað samkvæmt fyrirmælum 45. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Lúti málið að túlkun á réttindum trúnaðarmanna samkvæmt kafla 14.2 í gildandi kjarasamningi aðila og varði lögvarða hagsmuni félagsmanns stéttarfélagsins Einingar-Íðju. Það sé höfðað til rétttra efnda á kjarasamningi og falli ágreiningsefni málsins að hlutverki og verkefnum Félagsdóms samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 44. gr. sömu laga og heyri þar með undir dóminn.

Stefnandi reisi kröfu sína á því að Auður Íris Eiríksdóttir eigi rétt til fullra og óskertra launa samkvæmt vaktatöflu dagana 8. og 9. febrúar 2017. Ágreiningslaust sé að hún hafi þá verið trúnaðarmaður á vinnustað sínum og sótt trúnaðarmannanámskeið á vegum stéttarfélags síns dagana 8. til 10. febrúar 2017. Hún hafi fengið laun fyrir 10. febrúar en ekki hina tvo dagana sem hún var á námskeiðinu. Sú skerðing sé óheimil og í andstöðu við þá mikilvægu meginreglu að trúnaðarmenn eigi ekki að gjalda trúnaðarmannsstarfa sinna, sbr. 11. gr. laga nr. 80/1938.

Stefnandi vekur sérstaka athygli á því að svo virðist sem litið hafi verið fram hjá þeirri staðreynd að Auður Íris hafi átt að vera á vakt 8. febrúar 2017 frá kl. 14.00 og því hafi hún átt að fá tvær klukkustundir greiddar samkvæmt þeirri aðferðarfræði sem stefndi hafi viðhaft í málinu. Stefnandi mótmælir þó þeirri aðferðarfræði þar sem hún sé andstæð meginreglum um réttindi trúnaðarmanna.

Auk þess að reisa kröfu sína á 11. gr. laga nr. 80/1938 kveður stefnandi hana byggjast á því að í grein 14.2.9.1 í kjarasamningi aðila sé skýrt kveðið á um rétt trúnaðarmanna til þess að sækja námskeið og að þeir skuli halda reglubundnum launum í allt að fimm vinnudaga á ári vegna þeirra. Stefnandi byggir á því að með reglubundnum launum sé átt við laun sem viðkomandi hefði ella fengið, þ.e. laun samkvæmt vinnu- eða vaktaplani, líkt og raunin sé í þessu máli. Ekkert í greininni gefi tilefni til annarrar ályktunar og beri að túlka hana samkvæmt orðanna hljóðan.

Að mati stefnanda feli túlkun stefnda í sér mismunun milli trúnaðarmanna í vaktavinnu og þeirra sem einungis vinni dagvinnu. Telur stefnandi að sú túlkun fái ekki staðist þar sem hún þýði að trúnaðarmenn sem vinni vaktavinnu þurfi að sætta sig við að verða af launum sæki þeir námskeið vegna trúnaðarmannastarfa sinna séu þau haldin sama dag og þeir vinna kvöldvaktir. Ekkert í grein 14.2.9.1 í kjarasamningnum gefi tilefni til þess að ætla að aðrar reglur gildi um vaktavinnufólk en um dagvinnufólk.

Stefnandi vísar til þess að eigi framangreindar reglur að halda gildi sínu hvað varði þá mikilvægu meginreglu að trúnaðarmenn eigi ekki að þurfa að þola launaskerðingu vegna starfa sinna sem slíkir, eða gjalda þess á annan hátt að vera trúnaðarmenn á sínum vinnustað, verði í þessu samhengi að líta á þátttöku á trúnaðarmannanámskeiðum sem ígildi vinnuskyldu. Þá sé að sama skapi óraunhæft að ætlast til þess að trúnaðarmaður, sem sæki

námskeið á dagvinnutíma, mæti til kvöldvaktar strax að námskeiðinu loknu, en verði ella af launum þann dag.

Stefnandi telur túlkun stefnda fela einnig í sér ákveðna rökleysu. Stefnandi tekur dæmi af tveimur trúnaðarmönnum, sem báðir vinni vaktavinnu og sækji sama trúnaðarmannanámskeiðið er standi frá kl. 9 til 16 á virkum degi. Annar eigi að vera á morgunvakt frá kl. 8 til 16 en hinn á kvöldvakt frá kl. 16 til 23. Sé stuðst við túlkun stefnda fái sá sem eigi að vera á morgunvakt full laun greidd en hinn fái engin laun þann dag. Með þessu telur stefnandi augljóst að viðkomandi trúnaðarmaður sé látinn gjalda starfa sinna sem slíkur, en það fari í bága við 11. gr. laga nr. 80/1938. Trúnaðarmaður, sem þyrfti vegna starfa sinna sem trúnaðarmaður, að vinna 16 klukkustunda vinnudag til þess að verða ekki af launum, hefði þannig ekki tíma til þess að vera með fjölskyldu sinni, sinna áhugamálum eftir að vinnudegi lýkur eða fengið næga hvíld fyrir næsta vinnudag. Það geti ekki talist eðlilegt með hliðsjón af títtnefndri meginreglu um að trúnaðarmenn eigi ekki að gjalda þess að neinu leyti.

Að mati stefnanda standist þetta enga skoðun og sé í ósamræmi við það að trúnaðarmenn, sem sækja námskeið vegna starfa sinna sem slíkir, skuli halda reglubundnum launum í allt að fimm daga á ári, sbr. grein 14.2.9.1 sem þegar hafi verið fjallað um.

Stefnandi kveður Auði Írisi hafa augljósa hagsmuni af því að fá dóm um það að hún eigi rétt til launa fyrir umrædda daga. Í stað þess að fá dagana greidda að fullu hafi vaktirnar verið færðar inn sem „launalaus leyfi“. Hagsmunir hennar séu því augljósir og vísar stefnandi í þessu sambandi til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Um lagarök vísar stefnandi til kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands með gildistíma frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019, einkum kafla 14.2 um trúnaðarmenn. Þá vísar stefnandi til meginreglna samningaréttar um réttar efndir, sbr. og 11. gr. laga nr. 80/1938, auk almennra meginreglna vinnuréttarins. Um aðild málsins og lögsögu dómsins vísar stefnandi til 2. töluliðar 1. mgr. 44. gr. og 45. gr. laga nr. 80/1938. Um heimild til þess að leita viðurkenningardóms er vísað til fyrrgreinds ákvæðis 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi kveður meginmálsástæðu sína fyrir sýknu vera á því reista að Auður Íris hafi ekki áunnið sér rétt til greiðslu launa fyrir dagana 8. og 9. febrúar 2017 í skilningi kjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Stefndi tekur fram að Auður Íris hafi upphaflega verið ráðin í 78% starf hjá stefnda í ágúst 2006. Í greinargerð stefnda er fjallað um breytingar sem orðið hafi á tilhögun ráðningar hennar, starfshlutfalli og á hvaða sambýlum hún hafi unnið uns hún var ráðin ótímabundið á sambýlið að Geislatúni í 85,6% starf frá og með 1. september 2009. Þá kemur þar fram að hún hafi hætt störfum á því sambýli 30. júní 2017, en starfi nú sem félagsliði á

öldrunarheimilinu Víðihlíð. Í greinargerð sinni staðfestir stefndi að Auður Íris hafi verið trúnaðarmaður á sambýlunum á Geislatúni 1 og Hafnarstræti 16 allt þar til hún hætti störfum þar í júní 2017.

Stefndi leggur áherslu á að hlutverk trúnaðarmanns sé samkvæmt upplýsingum á vinnuréttarvef Alþýðusambands Íslands að gæta að því að atvinnurekendur haldi gerða samninga og að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt verkamanna. Jafnframt komi þar fram að trúnaðarmaður sé fulltrúi stéttarfélagsins á vinnustaðnum og sem slíkur sé hann tengiliður félagsins og starfsmanna. Stefndi tekur fram að stéttarfélagið beri ábyrgð á því sem trúnaðarmaður geri í krafti þess hlutverks. Þá sé trúnaðarmönnum heimilt að sækja trúnaðarmannanámskeið á vegum stéttarfélagsins í allt að fimm daga á ári án skerðingar á reglubundnum launum.

Stefndi leggur áherslu á að sömu daga og námskeiðið sem Auður Íris sótti hafi hún átt að vera á kvöldvakt miðvikudaginn 8. febrúar og fimmtudaginn 9. febrúar, en á dagvakt föstudaginn 10. febrúar 2017. Sú verklagsregla sé við lýði innan stofnunarinnar að vaktskrá liggi fyrir með eins mánaða fyrirvara og drög með sex vikna fyrirvara í samræmi við kjarasamning. Því hafi vaktskrá vegna fyrrgreindra vakta legið fyrir í endanlegum búningi fyrir 12. desember 2016 og drög að henni fyrir 1. desember sama ár. Sé þessi rúmi tími hugsaður til þess að koma til móts við óskir starfsfólks um breyttan vinnutíma. Staðreyndin sé sú að nær undantekningalaust sé unnt að verða við slíkum beiðnum. Þrátt fyrir ákveðinn sveigjanleika í þessu sambandi leggur stefndi áherslu á að starfsemin gangi fyrir og að vaktir séu mannaðar að fullu. Mestu ráði að þjónusta þurfi að vera tryggð allan sólarhringinn.

Stefndi kveður Auði Írisi hafa óskað eftir því við yfirmann sinn að vera í fríi á kvöldvöktum dagana 8. og 9. febrúar 2017. Á það hafi verið fallist og hafi orðið að samkomulagi að hún fengi launalaust leyfi. Ágreiningslaust sé að í ljósi stöðu hennar hafi hún átt rétt á því að sækja umrætt námskeið. Enda hafi vinnuveitandi hennar hvorki hreyft athugasemdum né andmælum við þátttökuna. Það sé hins vegar annað mál að vegna fjarveru hennar sem trúnaðarmanns hafi þurft að manna vaktina hennar með yfirvinnu.

Stefndi vísar til þess að sú regla sem komi fram í greina 14.2.9.1 í kjarasamningi aðila tryggi trúnaðarmönnum stéttarféлага leyfi án frádráttar launa í allt að fimm vinnudaga á ári til að rækja og sinna trúnaðarmannastarfi sínu og til að sækja námskeið sem haldin séu á vegum hlutaðeigandi stéttarfélags. Öll áhersla sé lögð á að reglan geri trúnaðarmönnum kleift að að sinna störfum sínum fyrir stéttarfélagið á vinnutíma án frádráttar launa. Eina skilyrðið sem sett sé fyrri þátttöku trúnaðarmanna sé að námskeiðið sé viðurkennt af samningsaðilum. Í því felist nánar tiltekið að trúnaðarmaður hafi ekki sjálfræði um það hvort hann sæki námskeið, heldur gerist það í samráði við vinnuveitandann.

Af hálfu stefnda er á því byggt að við skýringu greinarinnar í kjarasamningnum verði að horfa til þess að hún feli í sér frávík frá þeirri meginreglu vinnuréttar að öllum starfsmönnum, alveg óháð því hvaða stöðu þeir gegni, beri að skila fullu vinnuframlagi til vinnuveitandans.

Aðeins að því skilyrði uppfylltu öðlist þeir rétt til fullra launa. Að sama skapi sé þýðingarmikil sú regla að vinnuveitandi ákveði hvernig starfinu skuli háttað og hvaða verkefnum starfsmaðurinn sinni. Honum séu ekki sett nein takmörk í því sambandi svo framarlega sem verkefnin rúmist innan starfsskyldna starfsmannsins og séu honum ekki ósamboðin. Forræði á vinnu starfsmanna teljist hluti af stjórnunarskyldum vinnuveitandans. Nánar sé á því byggt að verkefni sem trúnaðarmaður sinni fyrir stéttarfélagið á vinnutíma teljist ekki hluti af starfsskyldum hans. Engu að síður njóti trúnaðarmaðurinn velgjörðar vinnuveitandans í störfum sínum fyrir stéttarfélagið upp að ákveðnu marki með því að vinnuveitandinn greiði laun trúnaðarmannsins. Öllum ætti að vera ljóst að sá tími sem vinnuveitandi greiðir trúnaðarmanni fyrir störf hans í þágu stéttarfélagsins komi í stað þess vinnutíma sem trúnaðarmaðurinn hefði ella sinnt fyrir vinnuveitandann. Öll önnur ráðstöfun sé óhugsandi þegar af þeirri ástæðu að hið gagnkvæma skuldbindingargildi ráðningarsambands sé einvörðungu við lýði meðan á vinnutíma standi. Að honum loknum rofni öll tengsl vinnuréttarlegs eðlis milli aðila, þ. á m. hlýðniskylda starfsmannsins sem og stjórnunarskylda vinnuveitandans. Hið sama gildi um skyldu vinnuveitandans til greiðslu launa. Starfsmaður eigi ekki rétt á frekari greiðslu en sem nemi vinnuskyldu hans. Engu breyti í þessu efni hvers eðlis ráðningarformið sé, hvort um vaktavinnu sé að ræða ellegar dagvinnu. Af framansögðu leiði að allt sem starfsmaður tekur sér fyrir hendur utan skipulagðs vinnutíma sé vinnuveitandanum með öllu óviðkomandi.

Stefndi vísar til þess að trúnaðarmannanámskeiðið, sem haldið hafi verið á vegum Félagsmálaskóla alþýðu á Akureyri dagana 8. til 10. febrúar 2017, hafi Auður Íris sótt sem trúnaðarmaður stefnanda, ekki sem starfsmaður stefnda. Dagana 8. og 9. febrúar hafi hún átt að vera á kvöldvakt og því hafi tveir fyrstu dagar námskeiðsins fallið utan skipulagðs vinnutíma. Verkefni sem trúnaðarmaður sinni utan skipulagðs vinnutíma teljist ekki til starfsskyldna hans í starfi fyrir vinnuveitandann. Þegar af þeirri ástæðu geti þau aldrei talist ígildi vinnuskyldu líkt og stefnandi haldi fram. Upplýst sé að Auður Íris hafi ákveðið að mæta ekki á kvöldvaktir þótt henni bæri að gegna þeim samkvæmt vaktskrá. Gagnvart stefnda hafi það jafngilt því að Auður hafi verið fjarverandi af vinnustað án fullgildra ástæðna. Með framferði sínu hafi hún fyrirgert rétti sínum til launa fyrir þær vaktir sem um ræði. Með öðrum orðum hafi Auður tekið sér launalaust leyfi í skilningi vinnuréttar og kjarasamnings. Í samræmi við þær reglur sem gildi um launalaust leyfi hafi hún ekki átt að fá greitt fyrir þá daga sem hún hafi ekki mætt til vinnu. Því beri að sýkna stefnda af öllum dómkröfum stefnanda.

Vegna málatilbúnaðar stefnanda að öðru leyti telur stefndi rétt að koma eftirfarandi á framfæri:

1. Vaktavinna sé viðurkennt ráðningarform í íslenskum vinnurétti. Vissulega fylgi því kostir og ókostir. Margir eigi erfitt með að aðlagast fyrirkomulaginu. Aðrir vinni aftur á móti vaktavinnu alla starfsævina og geti ekki hugsað sér aðra tilhögun. Val um vinnuskipulag sé

vitaskuld ákvörðun hvers og eins og um leið hluti af grundvallarmannréttindum um aflahæfi. Sú staðhæfing stefnanda að verið sé að mismuna trúnaðarmönnum eftir því hvort þeir sinni vaktavinnu eða dagvinnu sé jafn óskiljanleg og hún sé haldlaus. Stefndi hafnar því alfarið að staða trúnaðarmanna og þá einkanlega kjarasamningsbundin réttindi þeirra ráðist af því hvenær sólarhringsins trúnaðarmannanámskeið séu haldin. Í því sambandi leggur stefndi áherslu á að allt sem viðkomi námskeiðahaldi stéttarfélaganna sé á þeirra forræði. Hvort slík námskeið hefjist að morgni og ljúki síðdegis eða hvort þau hefjist síðdegis og standi fram á kvöld sé alfarið ákvörðun stéttarfélaganna. Falli námskeið innan skipulagðs vinnutíma eigi trúnaðarmaður rétt á því að halda reglubundnum launum í allt að fimm daga á ári vegna þeirra. Falli námskeið á hinn bóginn utan skipulagðs vinnutíma sé vinnuveitandi óskuldbundinn til þess að greiða trúnaðarmanni laun vegna þátttöku hans enda ekki hluti af starfsskyldum hans. Samkvæmt framansögðu sé það undir stéttarfélögunum sjálfum komið hvort viðkomandi trúnaðarmaður uppfylli skilyrði greinar 14.2.9.1 í kjarasamningi þeim sem um ræði. Stefndi bendir á að sú staða geti hæglega komið upp að stéttarfélagið haldi kvöldnámskeið. Trúnaðarmaður sem sinni vaktavinnu og eigi að vera á kvöldvakt á sama tíma héldi reglubundnum launum sínum í samræmi við tilvitnað ákvæði. Trúnaðarmaður sem sinni dagvinnu ætti hins vegar ekki rétt á launum þar sem námskeiðið félli utan skipulagðs starfstíma hans fyrir vinnuveitandann.

2. Í tilefni af því dæmi sem vísað sé til í stefnu, um trúnaðarmenn sem sækja sama námskeiðið, þar sem annar þeirra heldur fullum launum en hinn fær engin laun sökum þess að annar átti að vera á vakt en hinn ekki, telur stefndi rétt að áréttu að hann hafi ekkert um það að segja hvað starfsmaður taki sér fyrir hendur og hvernig hann ráðstafi tíma sínum utan skipulagðs vinnutíma. Hvort starfsmaður kjósi að eyða frítíma sínum í að sinna áhugamálum, með fjölskyldu sinni eða að sækja námskeið, varði vinnuveitanda í raun ekkert um. Ákvörðunin sé alfarið starfsmannsins. Stefndi kveður enn fremur nauðsynlegt að leiðrétta það sem fram komi af hálfu stefnanda að trúnaðarmaður þyrfti að sinna 16 klukkustunda vinnudegi til að halda launum. Stefndi vísar til þess að réttindi og skyldur starfsmanna, þ.m.t. trúnaðarmanna, gagnvart vinnuveitanda, miðist við fulla vinnuskyldu. Þegar henni sleppi losni starfsmaðurinn undan stjórnunarskyldu vinnuveitandans. Röksemdafærsla stefnanda sé því bersýnilega haldlaus. Stefndi telur þvert á móti að verði fallist á skýringu stefnanda muni óhjákvæmilega myndast aðstæður þar sem trúnaðarmenn njóti rikari og betri réttar en lög og kjarasamningar geri ráð fyrir, auk þess sem varpað yrði fyrir róða velgjörð sem starfsmenn njóti almennt í störfum sínum. Samkvæmt röksemdafærslu stefnanda mætti halda því fram með sama hætti að það væri ígildi vinnuskyldu að heimsækja lækna utan vinnutíma eða vera við jarðaför. Almennt sé starfsmönnum leyft að sinna slíkum erindum á vinnutíma án skerðingar launa.

Stefndi kveður einboðið að ef fallist yrði á það með stefnanda, að öll störf sem trúnaðarmaður sinni í þágu stéttarfélags utan skipulagðs vinnutíma séu ígildi vinnuskyldu,

myndu skapast mikil vandkvæði við skipulag og framkvæmd vaktavinnu. Raunar gæti sú staða komið upp að fyrirkomulagið bryti gegn ákvæðum kjarasamnings. Í dæmaskyni nefnir stefndi að á íbúðarsambýlinu Geislatúni sé auk annars unnið á fjögurra daga vöktum, síðan sé frídagur og svo fylgi önnur fjögurra daga vakt í kjölfarið. Ef fundur eða námskeið trúnaðarmanna félli á þennan eina frídag væri um leið brotið gegn grein 2.4.4 í kjarasamningnum sem fjalli um vikulegan hvíldardag.

3. Þá mótmælir stefndi alfarið sem rangri umfjöllun í stefnu um efni og inntak 11. gr. laga nr. 80/1938. Samkvæmt ákvæðinu sé trúnaðarmönnum veitt ákveðin vernd í starfi. Þannig leggi reglan bann við því að segja þeim upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá gjalda þess á annan hátt að þeim hafi verið falið að gegna trúnaðarmannsstörfum. Stefnandi byggir á því að Auður Íris hafi galdið fyrir störf sín sem trúnaðarmaður en það hafi lýst sér í því að hún hafi sætt launaskerðingu. Stefnandi telur að þessi málalíbúnaður stefnanda standist enga skoðun. Þar ráði mestu að Auður Íris hafi ekki átt rétt á að fá greitt fyrir þátttöku sína á námskeiðinu þar sem það hafi ekki fallið innan skipulagðs vinnutíma hennar hjá stefnda. Þar sem hún hafi hvorki áunnið sér réttindi né viðhaldið rétti í störfum sínum sem trúnaðarmaður í skilningi kjarasamnings telur stefndi einsýnt að hún hafi ekki sætt neinni launaskerðingu. Að sama skapi sé útilokað að hún hafi galdið fyrir störf sín sem trúnaðarmaður.

Með hliðsjón af öllu framangreindu krefst stefndi þess að verða sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda. Um lagarök vísar stefndi til hlýðnireglu íslensks vinnuréttar og meginreglunnar um stjórnunarrétt vinnuveitanda. Þá sé vísað til 11. gr. laga nr. 80/1938 og kjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga með gildistíma frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019, einkum til greina 14.2.9.1 og 2.2.4. Um málskostnaðarkröfuna vísar stefndi til 130. gr., sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Efni greinar 14.2.9.1 í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga er rakið í málavaxtalýsingu. Í máli þessu er ágreiningslaust að fullnægt sé skilyrði greinarinnar um að trúnaðarmannanámskeiðið sem um ræðir hafi verið viðurkennt af báðum samningsaðilum. Þá er óumdeilt að Auður Íris Eiríksdóttir, félagsmaður stéttarfélagsins Einingar-Iðju, sem dómkröfur stefnanda lúta að, hafi á þessum tíma verið trúnaðarmaður á vinnustað stefnda. Í kjarasamningsgreininni er við það miðað að trúnaðarmenn, sem sækja slík námskeið, skuli halda reglubundnum launum í allt að fimm vinnudaga á ári, enda séu námskeiðin viðurkennd af samningsaðilum. Ekki er á því byggt að frádráttur á launum Auðar Írisar dagana 8. og 9. febrúar 2017 hafi helgast af því að hún hafi

þegar náð þessu marki. Samkvæmt því verður að ganga út frá því að svo hafi ekki verið. Þá ber að leggja til grundvallar að hún hafi tilkynnt yfirmanni sínum um að hún myndi sækja námskeiðið umrædda daga. Hins vegar er ósannað að hún hafi samþykkt að litið yrði á fjarvist hennar þessar kvöldvaktir sem launalaust leyfi.

Aðila greinir á um hvort leggja beri þann skilning í grein 14.2.9.1 í kjarasamningnum að trúnaðarmaður, sem sækir námskeið samkvæmt greininni, eigi aðeins rétt á að halda reglubundnum launum sínum að því leyti sem námskeiðið skarast við þegar ákveðinn vinnutíma trúnaðarmannsins. Telur stefndi svo vera en stefnandi er á öndverðum meiði.

Samkvæmt ákvæðinu er stefndi skuldbundinn til þess að greiða trúnaðarmanni laun að tilteknum skilyrðum fullnægðum og að ákveðnu marki þó að trúnaðarmaðurinn skili ekki vinnuframlagi í þágu vinnuveitanda síns. Með því að þar er vísað til þess að hann haldi launum í tiltekinn fjölda vinnudaga vegna trúnaðarmannanámskeiðs sem hann sækir verður að leggja til grundvallar að ákveðið samhengi þurfi að vera í tíma milli vinnuskyldu trúnaðarmannsins og fjarveru hans frá vinnu til þess að greiðsluskylda haldist. Orðalag kjarasamningsákvæðisins gefur út af fyrir sig þó ekki tilefni til annarrar ályktunar um þetta samhengi en að námskeiðið verði að vera haldið sama dag og hann átti að vera við vinnu.

Í því máli sem hér er til úrlausnar ber að líta til þess að námskeiðið var skipulagt frá kl. 9.00 til kl. 16.00 þrjá virka vinnudaga í febrúar 2017. Námskeiðið 9. febrúar var haldið að hluta til á vinnutíma trúnaðarmannsins, Auður Írisar, þ.e. frá kl. 14.00 til 16.00, og námskeiðið 8. febrúar stóð allt þar til hún átti að fara á kvöldvakt kl. 16.00. Báða dagana hafði námskeiðið því bein áhrif á getu hennar til þess að sinna forfallalausri vinnuskyldu sinni samkvæmt vaktskrá. Enn fremur verður að líta til þess að sú ráðstöfun, að ætlast til þess að hún ynni kvöldvaktirnar eftir að námskeiðinu lauk umrædda daga, en sæta ella launaskerðingu, var íþyngjandi og hamlaði því í reynd að henni væri unnt að sækja námskeiðið sem hún átti kjarasamningsbundinn rétt á að sækja sem trúnaðarmaður á vinnustaðnum. Af þessum sökum ber að fallast á að launaskerðingin, sem trúnaðarmaðurinn sætti umrædda daga, hafi eins og atvikum er háttáð farið í bága við rétt hennar til að halda reglubundnum launum sínum samkvæmt grein 14.2.9.1 í kjarasamningi aðila. Því ber að fallast á viðurkenningarkröfu stefnanda í málinu.

Eftir þessari niðurstöðu verður stefnda gert að greiða stefnanda 500.000 krónur í málskostnað.

D Ó M S O R Ð:

Viðurkennt er að skýra beri grein 14.2.9.1 í kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, með gildistíma frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019, þannig að Auður Íris Eiríksdóttir hafi átt rétt til óskertra launa frá stefnda, Akureyrarkaupstað, fyrir 8. og 9. febrúar 2017.

Stefndi greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands fyrir hönd Starfsgreinasambands Íslands vegna stéttarfélagsins Einingar-Iðju, 500.000 krónur í málskostnað.

Arnfríður Einarsdóttir
Ásmundur Helgason Guðni Á. Haraldsson
Gísli Gíslason Lára V. Júlíusdóttir

Rétt endurrit staðfestir:

Félagsdómur, 4. júlí 2018.



